

**Mál nr. 216/2013**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Smáratorgi í Kópavogi þann 12.4.2013.****Gögn.**

104. Málskot, móttakið 5.6.2013, ásamt fylgigögnum.

105. Bréf (tölvuskeyti) X, dags. 24.6.2013.

106. Bréf Y, dags 25.7.2013, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið til norðausturs niður akleið (ramp) af bifreiðastæði á milli verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar (efri hæðar) og Turnsins (2. hæðar) við Smáratorg og síðan beygt til hægri inn á akleið á bifreiðastæði við Smáratorg. Þá var bifreiðinni B ekið einnig til norðausturs upp akleið (ramp) frá bifreiðastæðum undir Turninum og inn á sömu akleið og A var ekið inn á. Rákust þá saman framendi A og vinstri hlið B.

Aðstæður á vettvangi voru kannaðar af hálfu nefndarinnar auk þess sem þeim er lýst í lögregluskýrslu. Eru aðstæður þannig að akleiðirnar sem bifreiðunum var ekið eftir liggja samsíða og er akleið sú sem A var ekið eftir vinstra megin við akleið þá sem B var ekið eftir miðað við akstursstefnu bifreiðanna. Steyptur veggur skilur akleiðirnar að auk þess sem veggurinn hindrar útsýn milli akleiðanna. Við enda veggins eru þrjú umferðarmerki: Efst er biðskyldumerki (A06.11), fyrir neðan það er merki um bann við vinstri beygju (B30.12) og neðst er svo akreinaumerki sem gefur til kynna að vinstri akrein endar (G01.21). Skilti þessi voru ökumanni A á hægri hönd og ökumanni B á vinstri hönd. Hægra megin við akleið þá sem B var ekið eftir er svipaður steinveggur og áður er lýst og við enda hans voru tvö umferðarmerki: Að ofan er biðskyldumerki (A06.11) og undir því er merki um bann við vinstri beygju (B30.12).

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 15-20 km hraða á klst. niður fyrrgreinda akleið og beygt til hægri inn á akleiðina á bifreiðastæðinu við Smáratorg eftir að hafa litið bæði til hægri og vinstri. Um það leyti sem hann sem hann beygði til hægri hafi ekki viljað betur til en að hann hafi ekið í hlið B.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 15-20 km hraða upp fyrrgreinda akleið inn á bifreiðastæðið við Smáratorg. Hafi hann verið að beygja til hægri þegar A hafi skyndilega verið ekið í vinstri hlið B.

**Álit.**

Aðstæður eru um margt óvenjulegar á vettvangi og varasamar. Vegna steinveggins sáu ökumenn illa hvor til annars. Báðir ökumenn höfðu biðskyldu gagnvart umferð á akleið þeirri sem þeir óku inn á, auk þess sem umferðarmerki gaf til kynna að þeir hafi ekið eftir tveimur samsíða akreinum þar sem vinstri akreinin, þ.e. akrein sú sem A var ekið eftir, endaði við enda steinveggins þar sem þeir óku inn á sömu akleið. Við þessar aðstæður

bar báðum ökumönnum að sýna sérstaka aðgæslu. Sú aðgæsluskylda brást hjá þeim báðum. Eftir atvikum öllum verður ekki ráðið að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Verður því ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 27. ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.